

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



BLAÐINU ER DREIFT FRÍTT

HVERFISBLAÐIÐ

Miðborg & Hlíðar

6. TBL ★ 9. ÁRG.

JÚLÍ 2020



Götuleikhús í miðborginni

Götuleikhús og Listhópar Hins Hússins héldu sitt síðasta Föstudagsfiðrildi síðastliðinn föstudag en 18 hópar hafa borið lit í miðbæjarlífið í sumar. En ef þið hafið misst af þeim þá örvæntið ekki því enn er Vængjasklátturinn eftir en það er lokasýning hópanna í sumar. Mætið í miðbæinn fimmtudaginn 16. júlí kl. 16-18!

✓ Smur- og hjólbarðapjónusta
✓ Alhliða bílaviðgerðir og viðhald

SMURPJÓNUSTA - SAMNINGAR VIÐ ÖLL HELSTU BÍLAUMBOD

Smurstöðin KLÖPP

Við Vegmúla • Sími 553 0440
Opíð mánudaga - fimmtudaga 8-18
föstudaga 8-16

LITLA FUNDIÐ FÉ

Finndu fé og vinndu fé!

Þú getur unnið fjórum sínum!

NYR MIÐI!

HAPPA PRENNAN

Skemmtilegt að skoða!

Slökum á í heita pottinum

itr

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

Lágt lyffjaverð alla daga vikunnar í Suðurverri.

Mán. til fös. Lau. Sun.
Opíð: 08 - 20 10 - 18 13 - 18



FARMASÍA

Suðurverri
Stigahlið 45
105 Reykjavík
Sími 511 0200
facebook.com/farmasiaapotek



Full búð af nýjum vörum á frábæru verði

RYVERFUSLAÐIÐ

Miðborg & Hlíðar
Auglýsingasími 568 8862

Útgefandi: Með oddi og egg
Sundlaugavegi 7 • 105 Reykjavík

Ritstjóri/Framkvæmdastjóri: Már Guðlaugsson, (ábm.)
símar: 822 9688, 568 8862 • netfang: marg@heimsnet.is

Pennar: Benóný Ágísson netfang: benaegis@simnet.is
Hildur Gunnarsdóttir • hildur.arna.gunnarsdottir@gmail.com

Prentun: Landsprent - Dreifing: Póstdreifing



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Kristín Ingólfssdóttir


Sverrir Einarsson


Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Endurspeglað mannlíf í Tryggvagötu

Framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar og Veitna á Tryggvagötu ganga vel. Jarðvinna er í fullum gangi og búið er að grafa allt áfangasvæðið í fyrsta áfanga upp eða fyrir framan Tollhúsið og Naustin. Komið hefur í ljós gamall sjóvarnargarður fyrir framan Tollhúsið sem hægt verður að varðveita að hluta undir nýja torginu í götunni.

Speglagirðing
Ákveðið var að gleðja vegfarendur á þessu svæði í miðborginni með því að láta hanna speglagirðingu úr plexigleri sem býður upp á að fólk geti leikið sér að endurspegluninni. Auglýsingastofan Tvist hannaði girðinguna og skiltagerðin Merking

framleiddi hana. Vegfarendur hafa nýtt sér þetta og skemmt sér og kjörið er að nota hashtagið #tryggvagata.

Eins og áður hefur komið fram þá liggur þessi áfangi frá endurgerðu Bæjartorgi og Steinbryggju áfram til vesturs að Naustum. Svæðið fyrir framan Tollhúsið er sólríkt og þar verður glæsilegt almenningssrími og Naustin verða einnig endurgerð frá Tryggvagötu að Geirsgötu. Árið 2021 er svo áætlað að vinna síðasta áfangann frá Naustum að Grófinni en þeim áfanga lýkur í ágúst 2021.

Framkvæmdin í stuttu máli:
• Allt yfirborð gatna verður

endurnýjað.

- Vatns- og fráveitulagnir endurnýjaðar ásamt rafveitu.
- Gönguleiðir hellulagðar.
- Gatnamótum lyft upp í sömu hæð og gangstéttar og þau steinlögð.
- Snjóbræðsla lögð undir göngu leiðir, torg og gatnamót.
- Sólríkt torg við Tollhúsið.
- Hjólabogar á svæðinu.
- Sérstök stæði fyrir hreyfihamlaða og vörulosun.
- Gatan verður einstefna til vesturs.

Fleiri myndir má finna á <https://reykjavik.is/frettir/endurspeglum-mannlifid-tryggvagotu>

Nýr miðborgarleikskóli

Efnt hefur verið til Hönnunarsamkeppni um nýjan miðborgarleikskóla og fjölskyldumiðstöð í Norður-mýri, á suðvesturhluta reits sem afmarkast af Grettisgötu, Njálsgötu, Rauðarárstíg og Snorrabraut, þar sem Njálsgöturóló hefur verið um árabil. Leikskólinn á að rísa vestast á reitnum, bakvið Austurbæjarbíó og þegar hann verður verður tilbúinn verður leikskólunum Lindarborg og Njálborg lokað.

Keppnislýsing er nú aðgengileg og hægt er að nálgast hana á [https://](https://utbod.reykjavik.is)

utbod.reykjavik.is og heimasíðu Arkitektafélags Íslands. Þá er opin hugmyndagátt fyrir sjónarmið bæði almennings og fagfólks og verða þau höfð til hliðsjónar í ferli samkeppninnar.

Sem dæmi um meginmarkmið við mat á samkeppnistillögum er að byggt sé fyrir börnin. Skólinn og umhverfi hans sé hannað með börnin að leiðarljósi og uppfylli sem best væntingar til leiks, náms, velferðar og aukins þroska barna. Börn eiga að geta farið á svæði

sem veitir þeim öryggistilfinningu og ró. Umhverfið inni og úti á að bjóða upp á áskorun í hreyfingu og leikskólalóðin á að vera félagslegur og námslegur vettvangur og þarf að geta gegnt hlutverki hverfisvallar utan opnunartíma leikskólans. Samspil útisvæða og byggingar á að vera gott og taka mið af umhverfisþáttum.

Tillögum skal skilað fyrir kl. 24 þann 7. október 2020 .



ÓDÝR
Gleraugu með
glampa- og rispuvörn



Verð 19.900 kr
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 5.0 með cyl. til 2,0.

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002



DRAUMUR FYRIR FÆTUR

Mjúkir höggdempanði heilsusandalar



Ótrúlega léttir

þægilegir í vinnuna



FÆTUR TOGA
LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Bæjarlind 4

Krínglan 3. hæð

Sími: 5577100

faeturtoga.is



Kvöldgöngur safnanna í Reykjavík

Kvöldgöngur eru viðburðaröð sem Borgarbókasafn, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur standa fyrir. Göngurnar fara fram á fimmtudagskvöldum yfir sumarmánuðina. Meðfylgjandi mynd er frá kvöldgöngu 25. júní um Skólavörðuholt. Leiðsögumaður var Pétur H. Ármannsson arkitekt og byggingalistfræðingur og fjallaði hann um listir og listskreytingar á holtinu. Hér er verið að skoða lágmyndir Ásmundar Sveinssonar á Austurbæjarskóla.

Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir. Hér er dagskráin það sem eftir er sumars en nánari upplýsingar er að finna á vefsíðum og Facebook síðum safnanna.

16. júlí. Bertel Thorvaldsen 250 ára
Leiðsögumenn eru Sigurður Trausti Traustason og Aldís Snorradóttir frá Listasafni Reykjavíkur.

23. júlí. Reykjavík Safari | Leiðsagnir á 8 tungumálum
Leiðsögumenn eru: Jonathan Rempel (Enska), Ewa Marcinek (pólska), Renata Pratysyte (lithá-íska), Mohamaed Omran Kassoumeh (arabíska), Maria Sastre (spænska), Jiymarish Sales Albos (filippeyska), Claire Paugam (franska) og Ehsan Isaksson (farsi).

30. júlí. Áfangar í Viðey
Leiðsögumaður er Markús Þór Andrésson frá Listasafni Reykjavíkur.

Ath. að siglt verður frá Skarfabakka kl 19:15. Leiðsögnin er ókeypis en greiða þarf í ferjuna.

6. ágúst. Hin hliðin á Reykjavík
Leiðsögumaður er Guðjón Ragnar Jónasson íslenskufræðingur.

13. ágúst. Á slóðum Braga Ólafssonar | Taflmenn – sögumenn - misindismenn
Leiðsögumenn eru Kristín Svava Tómasdóttir sagnfræðingur og Guðrún Lára Pétursdóttir bókmenntafræðingur.

20. ágúst Hin kvika borg
Leiðsögumaður er Ásgrímur Sverrisson kvikmyndagerðarmaður.



Afró í Hljómskálagarðinum

Kramhúsið og Sumarborgin bjóða upp á danshlaðborð víða um Miðborgina í sumar undir einkunnarorðumum: Dönsum í Miðbænum. Tímarnir eru stuttir, ókeypis og verða á alls konar skemmtilegum stöðum.

Núna á fimmtudaginn 16. júlí frá kl. 16:30 til 17:00 er komið að afró, orku-miklum tíma við lifandi trommuslátt! Sandra og Mamady Sano leiða dansinn og taktinn. Tíminn er ókeypis og öllum opinn en hann verður við rauðu klífur-grindina syðst í Hljómskálagarðinum.

Sandra og Mamady hafa kennt í Kramhúsinu um árabil, og eru nú að safna fyrir söng- og dansskóla í Gíneu. Sandra hefur kennt dans á Íslandi síðan hún flutti heim frá New York 2005 en hún kennir Afrískan dans og Hiphop í Dans

Afrika Iceland, Kramhúsinu, Dans Brynju Péturs, Reykjavíkurborg og víðar. Hún hefur sett upp ótal danssýningar, nemendasýningar og tekið þátt í atburðum um allt land. Sandra lærði í New York og Gíneu V. Afríku þar sem hún einbeitti sér að afrískum dansi, Hip hop, dancehall og afrobeat.

Mamady er einn eftirsóttasti afríski danskennari og trommari frá Gíneu í heiminum og ferðast enn út um allan heim til að kenna og taka þátt í sýningum. Hann bjó í New York í 16 ár og kenndi meðal annars við Long Island University og Alvin Ailey. Hann hefur sett upp ótal danssýningar, nemendasýningar og tekið þátt í atburðum út um allan heim. Hér á landi kennir hann í Dans Afrika Iceland, Kramhúsinu, Menntaskólanum í tónlist og víðar.



Skoðaðu glæsilegu sumartilboðin okkar á [hotelork.is/tilbod](https://www.hotelork.is/tilbod)

SUMAR-TILBOÐ

Það þarf ekki að fara langt til að njóta afslöppunar og afþreyingar í sveitasælu. Hótel Örk í Hveragerði er í einstaklega fallegu umhverfi þar sem fjölmargir spennandi möguleikar bjóðast til að hafa gaman og skemmtilegt, jafnt fyrir fjölskyldufólk sem einstaklinga. Á hótelinu er fyrsta flokks veitingastaður, sundlaug, vatnsrennibraut, heitir pottar og leikherbergi.



Golf á Gufudalsvelli og gisting



Hveragerði á hjóli og gisting



Hellaskoðun og gisting





Bíó Paradís

Bíó Paradís við Hverfisgötu mun hefja starfsemi að nýju í haust, en kvikmyndahúsið hefur verið lokað um nokkurt skeið vegna Covid-19 og óvissu um leigu á húsnæði undir starfseminna. Nú hefur þeirri óvissu verið eytt með nýju samkomulagi við eigendur hússins og uppfærslum á samstarfssamningum við ríki og borg. Stefnt er að því að ná að opna bíóið á ný um miðjan september næstkomandi, en þá verða liðin tíu ár frá því að starfsemi hófst þar.

Vegna aðstæðna þurfti Bíó Paradís að segja upp öllu starfsfólki síðastliðið vor, en þá höfðu aðilar ekki náð saman um leigukjör og nauðsynlegar endurbætur og viðhald húsnæðisins til lengri tíma. Það hefur nú tekist, eftir að málsaðilar slógu af ítrustu kröfum sínum og mættust á miðri leið. Áframhaldandi starfsemi í kvikmyndamenn-ingarhúsinu við Hverfisgötu hefur því verið tryggð.

„Íslensk kvikmyndamenning
stendur í miklum blóma og það
er hlutverk okkar að vökva vel
jarðvegin sem hún sprettur úr.

Í því samhengi gegnir Bíó Paradís mikilvægu hlutverki, í samstarfi við atvinnugreinina, Kvikmyndamiðstöð Íslands og Kvikmyndasafn Íslands. Við ráðgerum að kynna með haustinu heildstæða kvikmyndastefnu fyrir Ísland, þar sem m.a. er gert ráð fyrir rekstri öflugs kvikmyndamenningarhúss. Starfsemi Bíós Paradísar fellur vel að því markmiði og ég hlakka til að sjá dyr þess opnast á ný,“ segir Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra.



Hrönn Sveinsdóttir

Hrönn Sveinsdóttir framkvæmda-
 stjóri Bíós Paradísar segist vera
 himinlifandi með niðurstöðuna:
 „Við viljum þakka öllu stuðnings-
 fólki Bíós Paradísar fyrir stuðning-
 inn, en þó sérstaklega mennta- og
 menningarmálamálaráðuneytinu,
 Reykjavíkurborg og eigendum húss-
 ins, félaginu Karli Mikla ehf. Við
 getum ekki beðið eftir að fara að
 sinna kvikmyndamenningunni
 aftur og halda áfram að færa lands-
 mönnum öllum halla fjölbreytta kvik-
 myndaupplifun í betri aðstöðu.”



PRENTUN, LJÓSRITUN,
SKÖNNUN, PLÖSTUN,
BOÐSKORT, NAFNSPJÖLD
TEIKNINGAPRENTUN
OG LJÓSMYNDAPRENTUN



Borgartúni 24 • 105 Reykjavík • Sími 553 3200
prenta@prenta.is • www.prenta.is

◆ HVERFISBLAÐIÐ ◆

Miðborg & Hlíðar
Auglýsingasími 568 8862



Nokkrir veitingastaðir við Laugaveg tók sig saman og settu upp langborð sem náði frá Klapparstíg og upp að Brynju. Þar mátti fá ýmsa smárétti og drykki og var stemmingin við borðið heimilisleg og skemmtileg

Símamyndir úr Sumarborginni

Sumarið er komið og enn ekkert farið að hausta í því. Það hafa skipst á skin og skúrir en kvikasilfurssúlan í hitamælinum stendur ekkert áttakanlega lágt eins og svo oft áður. Vegna samkomubannsins er fátt um stórhátíðir en hinsvegar nóg af lágstemmdum skemmtilegum uppákomum í miðbænum. Tíðindamaður blaðsins festi nokkrar á símann sinn.



EKKI hafa verið margar uppákomur á svokölluðu Hjartatorgi milli Laugavegs og Hverfisgötu eftir að nýbyggingarnar þar risu. En laugardag einn snemma sumars var þar haldinn markaður þar sem kenndi ýmsra grasa



Hönnunarmars teygði sig langt inn í sumarið og eitt atriði hans var að gera innsetningar í gluggum verslana sem höfðu verið yfirgefnar vegna kórónuástandsins



Götuspilarinn eða böskarinn JoJo á sér sinn fasta stað í Austurstrætinu og gleður þá sem þar ganga um með söng. JoJo varð heimsfrægur þegar hann fékk Bruce Springsteen til að spila með sér á Strikinu í Kaupmannahöfn en einhver tók samspil þeirra félaga upp á myndband og hægt er að finna það á Youtube vefnum.

Erum að taka upp PRE-AUTUMN 2020 frá

STUDIO og GOZZIP



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is



Gjafakort fyrir þá sem þér þykir vænt um

Andlitskrem,
augnkrem,
fótakrem og
handáburður
frá GUINOT

ÁRSÓL

Snyrtivöruverslun • Snyrtistofa
Grímsbæ við Bústaðaveg • Sími 553 1262

HÁRLAUSNIR
HÁRSNYRTISTOFA

- SÍMI: 552 1345 -

Stefán Rósar Esjarsson
Meistari



HÁTEIGSVEGI 2 - 105 REYKJAVÍK



Opið alla virka daga
frá 7:30 - 17:30
laugardaga frá 8:00 - 16:00
sunnudaga frá 8:30 - 16:00

Háaleitisbraut 58-60 - 108 Rvk
mosbak@mosbak.is - s: 5 666 145





Stykkishólmur

Margt af því sem fyrir augu okkar ber getur haft þannig áhrif á okkur að vildum helst mega endurtaka viðkomandi sýn býsna fljótlega. Ég hef alltaf litið mikið og af ákveðni á allt í kringum mig, bæði upp og niður og út á hlið, og ekki fyrir löngu varð skemmtilegt bæjarfélag sem á sér stórmerkilega sögu á vegi mínum sem betur fer og heitir það Stykkishólmur. Ég fór þangað fyrir ekki löngu síðan og gisti í sumarbústað og skoðaði bæinn. Mamma mín var afskaplega hrifin af þessum stað, ekki síst vegna þeirrar trúar sem hún hafði á nunnunum í Hólm-inum. Þær Fransiskussystur komu til landins 1935 og byggðu klaustur, prentsmiðju, skóla og kirkju, þannig að þær hafa verið mjög framtakssamar og væntanlega haft gríðarleg áhrif á bæjarsamfélagið. Þær reistu síðan sjúkrahús sem enn þann dag í dag er starfrækt. Mér fannst sérlega merkilegt að fara um bæinn og skoða þessa staði. Ég veit að þessar konur voru mjög góðar við litilmagnann. Ég þekki sögu íslenskrar konu sem var illa farin, haldin hræðilegum sjúkdómi sem lagðist á fætur hennar sem voru eins og filafætur. Henni var tekið með opnum örmum í klaustrinu og fékk að lifa þar og deyja í umsjá systranna. Eins var ég heilluð af húsunum þarna sem hinn venjulegi maður býr í. Þau voru auðvitað af ýmsum stærðum og gerðum eins og væntanlega fólkið sem í þeim býr en mér fannst Stykkishólmur heillandi. Ég hef oft skrifað um hvað mér hryllir við þeirri þróun sem á sér stað hérna á mölinni þar sem hvert stórhýsið ris upp af öðru og annað hvort missa litlu húsin allt sitt útsýni eða að þeim er hreinlega rutt í burtu. Þetta er ekki það sem viðgengst í Stykkishólmi sem betur fer.

Huglækningar og fótboltamót á Akureyri

Þegar ég lít til baka þá á Akureyri sérstakan sess í huga mér vegna þess að ég ferðaðist þangað í gamla daga með manningum mínum, Ævari Kvaran heitnum. Við vorum mikið að starfa í sálarrannsóknum og gistum á Laugalandi þann tíma sem við vorum fyrir norðan. Á Akureyri hafa búið mjög kunnir Íslendingar og sérstakir alþýðumenn og konur. Þar sem ég er dulræn og á langa slíka sögu að baki þá er kannski ekki úr vegi að minnst á mjög þekktan huglækni frá Akureyri, Ólaf Tryggvason, sem allir Akureyringar þekktu og ég var svo lánsöm að fá óbeint að kynnast honum í þessari ferð. Við fengum nefnilega að skoða herbergið hans þar sem hann starfaði. Ég sjálf átti síðan eftir að stunda huglækningar og hef hlúð að mörgum, og það er fátt eins gefandi og sú reynsla. Þess vegna fannst mér mjög skemmtilegt að hafa nýverið fengið tækifæri til þess að heimsækja Akureyri aftur, keyra um götur bæjarins og njóta þess að vera í umhverfi sem ég minntist frá gamalli tíð. Dóttursonur minn var á N1 fótboltamótinu og lögðum við fjölskyldan land undir fót og ferðuðumst með honum. Mótið var skemmtilegt og gaman að fá að fylgjast með gleði og sorgum 11 ára drengjanna

Þankar Jónu Rúnu

Þar sem þeir spiluðu hvern fótboltaleikinn á fætur öðrum, unnu suma og töpuðu öðrum eins og gengur. Ekki var verra að það var bókstaflega bongóblíða hvern einastas dag sem gerir þessa upplifun auðvitað að miklu meira ævintýri. Það er fátt átakanlegra en að standa úti í grenjandi rigningu og horfa á hundblauta fótboltadrengi spila. Þar sem svo langt er síðan ég kom norður síðast þá var ég furðulostin að sjá hvað margt hafði breyst og bærinn stækkað. Þar sem gist var á hóteli og engin eldhúsaðstaða, áttum við augljóslega ekki annan valkost en að borða á veitingastöðum. Þeir voru hverjum öðrum frábærari. Hamborgarafabrikkan klikkaði sannarlega ekki með sínum yndislegu hamborgurum og frábæru starfsfólki. Svo fórum við líka á kaffihúsið Bláu könnuna sem var mjög notalegt og þar var vel hugsað um okkur. Þar var hægt að fá brauðmeti og allskonar tertur sem runnu ljúft niður. Einn daginn gerðum við okkur ferð í Hauganes og borðuðum þar á veitingastaðnum Baccalá Bar sem er rekinn af Ektafiski. Maturinn var alveg geggjaður og skammtarnir ekki skornir við nögl heldur vel útilátnir og þjónustan til fyrirmyndar. Svo gátu þeir sem það vildu skellt sér í heita potta sem eru við fjöruna og notið yndislegs útsýnis, nú eða vaðið úti sjóinn. Síðasta kvöldmáltíðin var svo tekin með trompi á Greifanum og þar var líka allt saman algjörlegt lostæti, vel útilátið og starfsfólkið allt stjánaði við okkur. Ég get ekki sagt annað en að þessi Akureyrarferð hafi verið vel heppnuð. Akureyringar eru með einsdæmum kurteisir og kunna að hlú vel að ferðamönnum sem sækja þá heim, það er alveg á hreinu. Ég hlakka strax til að komast aftur norður í vellystingarnar og hvet landsmenn til að kíkja á þessa staði ef þeir verða svangir.

Hótel Örk og Hveragerði

Ég hef semsagt verið töluvert á faraldsfæti í sumar og fór meðal annars í góðra vinkvenna félagsskap, austur fyrir fjall. Áfanga-staðurinn var Hótel Örk þar sem við gistum þrjár vinkonur í tvær nætur í mestu vellystingum sem ég hef notið um langt skeið. Það var hugsað um okkur líkt og við værum eðalbornar og stjánað við okkur frá morgni til kvölds ef við óskuðum



þess. Við fórum í bíltúra að skoða Hveragerði sem er yndislegt bæjarsamfélag bæði alþýðufólks og listamanna og því margt forvitnilegt að skoða. Þarna eru hús sem hafa verið íverustaðir merkilegra stórmenna á listasviðinu, rithöfunda og málara meðal annars. Í skáldagötunni bjuggu menn eins og Kristmann Guðmundsson, Jóhannes úr Kötlum, Ingunn Bjarnadóttir ljóðskáld og Ríkarður Jónsson myndskeri átti þarna sumar-bústað. Ég sjálf ber sterkar taugar til staðarins, enda hélt ég málverkasýningu í Eden um miðjan 9. áratuginn og það var yndisleg reynsla. Við vinkonurnar renndum líka inni Reykja-dalinn, nutum veðursins og litum á sundlaugina í Laugaskarði sem Gísli Halldórsson arkitekt teiknaði. Sú elsta okkar hóf sína fyrstu vinnu einungis 15 ára gömul sem hjálparstúlka þarna á svæðinu. Við vorum svo heppnar að finna bæjarstæðið þar sem eitt sinn stóð Rósakot en þar bjuggu systir hennar og mágur á sínum tíma. Ég mæli því eindregið með því að fólk noti sumarið til þess að skoða sig um landið okkar og bendi á að það þarf ekki endilega að fara lengra en til Hveragerðis til þess að njóta toppþjónustu og drekka í sig menningu og sögulegar minjar.

Jóna Rúna Kvaran

Ástin fær líf í lofgjör
lauguð fegurð og rósarilm.
Í lotning lofa og bið í trú
að líti undrið brosandí við.



Hvert spor er sigur vonaróðs
sem elskan færir þeim.
Ef við horfum ástfangin til
himins í ósk og sólaryl.

Höf. Jóna Rúna Kvaran



„Kærleikur er von alheimsins.“



KLASSÍSKAR
MEÐ KAFFINU

GÓÐGÆTI FRÁ GÓU



Startaðu ferðasumarið með **TUDOR**

Rafgeymar í húsbíla og hjólhýsi fyrir ferðalagið í sumar



TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA - ALLA LEIÐ

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is



GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár

Einkarekið apótek

Nú einnig netapótek: Appotek.is

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga | Sími 568 0990 | gardsapotek.is | appotek.is



Allt fyrir útileguna, þrjónar, garn og útsaumur

Opið mán.-fös. 10-18
Lokað á laugardögum á sumrin.
Fákafeni 9 • 108 Reykjavík • Sími 511 3388

Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla



Setjum undir á staðnum

Víkurvagnar ehf. | Hyrjarhöfða 8 | 110 Reykjavík
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is

VIKURVAGNAR ehf.



Vesturland Drelja Njóta

Velkomin á Vesturland
Visit West Iceland

#velkominavesturland
#westiceland
vesturland.is
westiceland.is

VESTURLAND IS
WESTICELAND.IS

70 ára



NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
SÍMI 568 5000

Traustir bílstjórar á traustum grunni

HVERFISBLAÐIÐ

Miðborg & Hlíðar

Auglýsingasími
568 8862



GÖNGUM INN Í SUMARIÐ

Göngusérkortin með grænu röndinni sýna leiðir sem síminn þinn veit ekki einu sinni um og koma þér örugglega á áfangastað

GÖNGUKORT HIKING MAP

ISLAND
REYKJANES PINGVELLIR
1:100 000
1:50 000

ISLAND
FELLSNES
1:100 000
1:50 000

ISLAND
VESTFIRÐIR
1:200 000
1:100 000

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10-18 | laugardaga 11-16



Bókakaffið er komið í borgina

Þann 16. júní opnaði Bókakaffi á Selfossi bókamarkað í Ármúla 42 í Reykjavík. Þúsundir bókatitla eru þar til sölu á einum stað en bæknurnar koma frá fornbókabúð Bjarna Harðarsonar og forlagi hans Sæmundi en einnig frá helstu forlögum sunnan heiða. Verslunarstjóri í Ármúlanum er Jóhannes Ágústsson og við báðum hann að lýsa því sem er á boðstólum á bókamarkaðnum.

Hér erum við með notaðar og nýjar bækur, segir Jóhannes, mikið úrval af íslenskum þjóðlegum fróðleik og ævisögum og eins skáldsögum bæði íslenskum og þýddum erlendum. Við erum með ýmislegt í fágætum í settum og seríum, mikið úrval af ljóðabókum og margar þeirra hefur Bjarni gefið út. Svo erum við með ýmsar aðrar fágætar bækur.

Eru það þá verðmætar bækur?

Allar bækur eru verðmætar en annars er verðlagningin hér mjög einföld á því notaða, ljóðabækur eru á 1900 krónur, þjóðlegi fróðleikurinn og ævisögurnar eru á 1500 og skáldsögurnar á 700. Annað er sérstaklega verðmerkt. Við erum líka með gott úrval af enskum kiljum.

Ég sé að þið eruð líka með barnabækur m.a. hið ágæt rit Gagn og Gaman.

Já, sem margir sækjast í. Það hafa verið margar útgáfur í gegnum tíðina en þessi er nokkuð vegleg, harðspjalda og innbundin. Það er eitthvað fyrir alla hjá okkur og við stefnum að því að hafa opið út sumarið og vonandi lengur og það er alltaf kaffi á könnunni.

Opið er sex daga vikunnar frá 13 til 18 í bókamarkaðnum Ármúla 42.



Hefðardömunar í gjörningahópnum Ómmleik tjilla á Laugaveginum

List á götunni

Í sumar hafa sautján Listhópar ásamt Götuleikhúsi Hins Hússins starfað við afar fjölbreytt og metnaðarfull verkefni sem glatt hafa borgarbúa í sumarblíðunni. Þau hafa verið með þrjár sameiginlegar uppákomur

í miðborginni á svokölluðum Föstudagsfiðrildum þar sem borgarbúum hefur verið boðið uppá litríka listveislu sem hefur bæði glatt og vakið til umhugsunar.

Hóparnir ásamt Götuleikhúsi

Hins Hússins verða síðan í miðborginni með Vængjaslátt sem er lokasýning sumarsins, fimmtudaginn 16. júlí á milli kl:16:00-18:00 og er þá tilvalið að gera sér bæjarferð og eiga stefnumót við listgýðjuna.



◆ HVERFISBLAÐIÐ ◆

Miðborg & Hlíðar
Auglýsingasími 568 8862



Götuleikhúsið kveikir í Arnarhóli

REDKEN

NÚ ER SCALA Á TVEIMUR STÖÐUM

Scala

HAIR & MAKEUP

LÁGMÚLI 5
108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 1033
fb.com/scala.hair

SKIPHOLT 70
105 REYKJAVÍK
SÍMI 553 9770
www.scala.is



Fram nú allir í röð! Hópur vaskra trúða á Laugavegi



Dúettinn Spaghetti Squash leikur lögin sín í Austurstræti



Bjarni Már Ingólfsson gítarleikari spinnur á Skólavörðustígnum



Gerðu eitthvað skemmtilegt í sumar með Aukakrónum



Skór í fjallgönguna



Snarl í ferðalagið



Föt fyrir sumarið



Grill í garðinn



Ferðalög um landið

Kynntu þér Aukakrónur á landsbankinn.is/aukakronur





Gómsætir og girnilegir réttir í fiskborði fyrir þig til að taka með heim

Glæný lúða

Ný línuýsa

Klaustur-bleikja

Nýlöguð humarsúpa

Opið virka daga 10.00 - 18.15 | laugardaga 11.00 - 15.00
Gnoðarvogi 44 | 104 Reykjavík | sími: 588 8686



Verlanir Dýrabæjar má nú finna í Smáralind, Kringlunni, Spönginni Reykjanesbæ og Akranesi



 **DÝRABÆR**
- fyrir dýrin þín

Dýrabær • Spönginni 5 • Sími 511 1121 • www.dyrabaer.is



Brauðtertur

Túnfiskbrauðterta- fjögur lög	Rækjubrauðterta - fjögur lög
4 brauðtertubrauð 3 dósir túnfiskur í olíu 10 egg 1 dós sýrður rjómi með lauk og graslauk 1 dós rauð vogaidýfa Tæplega 450 - 500 g mæjones 1.5 litill laukur Aromat krydd Skreytt með pikknikk kartöflustráum (ekki setja fyrr en 1- 2 klst áður en hún er borin fram) ruccola salati, eggjum, tómötum, gúrku, rauðri papriku, steinselju og vínrauðum vínberjum.	4 brauðtertubrauð 1 kg salat rækjur 10 egg 1 dós sýrður rjómi 18% 1 dós rauð vogaidýfa Tæplega 450 - 500 g mæjones Aromat krydd og paprikukrydd - smakkað til Skreytt með lambhagasalati á hlið-arnar, rækjum (stærri en salat-rækjan) eggjum gúrkum, tómötum, rauð paprika, sítrónu, steinselju, vínrauðum vínberjum.



Lax á grillið

1 laxaflak 1/2 sítróna – skorin í þunnar sneiðar 1/2 appelsína –skorin í þunnar sneiðar 3-4 msk. gróft skornar ferskar kryddjurtir t.d. steinselja, tímían,	oreganó sjávarsalt sítrónupipar frá Pottagöldrum olíufuolía
--	---

Setjið laxinn á vel heitt grill, snúið roðinu niður. Laxinn er grillaður í 15 - 20 mínútur á roðhliðinni og ekki snúið. Hafið grillið lokað. Berið fram með grilluðu smækki.



Eignaumsjón hf • Suðurlandsbraut 30 • 108 Reykjavík
www.eignaumsjon.is • sími 551 3160



Þórsgata 3 er byggt í byrjun 20 aldar og er því aldursfriðað. Ekki hefur verið búið í húsinu síðasta áratuginn eða lengur



Þingholtsstræti 29a var byggt 1916 og er því aldursfriðað. Í þessu fallega og sögufræga húsi var Borgabókasafnið lengi til húsa en það hefur staðið autt síðan 2008 og er nú óíbúðarhæft



Húsin á Óðinsgötu 14 a og b voru byggð á þriðja áratug síðustu aldar og hafa staðið auð síðan um aldamót

Vanhirt hús í miðborginni



Steinbærinn að Klapparstíg 19 var byggður 1879 og er eini steinbærinn sem eftir er í Skuggahverfi. Ekki hefur verið búið í húsinu undanfarna áratugi en húsið hefur verið notað sem geymsla.



Veghúsastígur 1 er timburhús byggt 1899 og því aldursfriðað. Húsið er illa farið af vanrækslu enda hefur ekki verið búið í því á annan áratug

Stjórn Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur (ÍMR) hefur sent frá sér eftirfarandi ályktun:

Í miðborg Reykjavíkur eru tugir húsa sem ekki eru nýtt og hafa sum þeirra staðið auð og vanrækt í áratugi. Ástand margra þessara húsa er með þeim hætti að af þeim stafar hættu, umhverfi þeirra er subbulegt og óheilsusamlegt og ítrekað hefur kviknað í þeim og hefur það sett nærliggjandi byggð í hættu. Ástæður fyrir vanrækslu eigenda þessara húsa eru sjálfsagt margvíslegar en núverandi ástand er óþolandi fyrir nágranna þessara yfirgefnu húsa, auk þess sem komið er í veg fyrir að þau nýtist til íbúðar eða fyrir atvinnustarfsemi og einnig eru sum þeirra aldursfriðuð. Stjórn Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur skorar á byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlit að nota þau verkfæri sem embættin hafa til að koma í veg fyrir þetta háttalag og á borgarfulltrúa og þingmenn Reykjavíkur norður að beita sér fyrir því að lög og reglugerðir verði gerðar svo skýrar að húseigendur komist ekki upp með að láta hús sín standa auð og vanrækt um langa hríð.

Í greinargerð sem fylgir ályktuninni segir að stjórn ÍMR hafi á fundum sínum rætt talsvert það ástand húsa

í miðborginni sem teljast verður áætlisvert vegna vanhirdu. Í lögum um mannvirki kemur fram að markmið þeirra laga sé að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi m.a. með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt. Svo er ekki með ástand umræddra húsa, mörg þeirra eru ekki mannheld og auðvelt að komast inn í þau sem getur verið hættulegt fyrir börn og unglinga auk þess sem útigangsfólk hefur sest að í þeim og það hefur komið upp eldur í þeim sem skapar hættu fyrir nærliggjandi hús. Auk þess eru húsin til mikilla lýta fyrir umhverfið.

Stjórn íbúasamtakanna skorar á borgaryfirvöld að ganga í þetta mál sem allra fyrst og beita þeim úrræðum sem lög heimila til lausnar á þessu vandamáli. Sveitarfélög geta lögum samkvæmt beitt ýmsum þvingunaraðgerðum til að knýja fram úrbætur þ.á.m. að beita dagsektum og láta vinna verk á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið. Þá má innheimta dagsektir og kostnað með fjárnámi og hefur sveitarfélag lögveð fyrir kröfu sinni í viðkomandi fasteign.

Á meðfylgjandi myndum má sjá ástand nokkura þessa húsa.



Á Skólavörðustíg 36 var lengi búsaðaldaverslun en það hefur staðið autt um langa hríð til lítillar prýði fyrir umhverfi sitt en um Skólavörðustíginn ganga nánast allir erlendir gestir sem til landsins koma



Vatnsstígur 4 og Laugavegur 33a eru aldursfriðuð hús sem til stendur að rífa. Húsin eru illa farin af vanrækslu en vel viðgerðarhæf

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GALDRA FRAM VIÐ GRILLIÐ Í SUMAR?



POTTAGALDRAR
Með þér í sumar



Einfalt, gott og ódýrt

-Veitingastaðurinn Sirka við Gnoðavog hefur slegið í gegn

„Þegar við ákváðum að fara af stað með nýjan veitingastað í Vogahverfi settum við okkur það markmið númer eitt tvö og þrjú, að bjóða upp á einfaldan, góðan og ódýran heimilismat,“ segir Gísli Hróar Guðlaugarson, sem er yfirkokkur á Sirka ásamt Svani Sigurðarsyni. Sirka er nýr veitingastaður við Gnoðavog, sem nýtur mikilla vinsælda, sérstaklega meðal íbúa í Vogahverfi.

Gísli er í fullu starfi við matreiðslu á veitingastaðnum Bragðlaukum, sem er í næsta húsi við Sirka. Kollegar hans þar eru Sigfús Jónsson og Svanur Sigurðarson og það er Sigfús sem á og rekur þann stað. Það hafði af og til komið til tals milli þeirra félaga yfir pottunum á Bragðlaukum, að gaman væri að opna lítinn veitingastað í hverfinu með heimilismat, sem mótvægi við alla skyndibitastaðina í Skeifunni. Og fyrr en varði opnaðist möguleiki á að láta þann draum verða að veruleika. Þá bauðst þeim húsnæði við hlið Bragðlauka, sem áður hafði hýst skyndibitastað, en eigendur hans höfðu lagt árar í bát.

„Þetta var tilboð sem við gátum ekki hafnað“, segir Gísli Hróar. „Ég ræddi hugmyndina við konuna mína, Brynju Birgisdóttur, sem var strax áhugasöm. Kona Sigfúsar, Arna Sif Gunnarsdóttir, var líka til í slaginn og sömu sögu er að segja um konu Svans, Dagnýju Harðardóttur. Úr varð að við ákváðum að láta slag standa, þannig að það eru þrenn þór sem standa að Sirka.“

Gamalt er gott

Gísli Hróar segir undirbúninginn hafa gengið hratt fyrir sig. Það var strax ákveðið að hafa alla umgerðina á staðnum einfalda og ódýra. Þess vegna var farið í Góða hirðinn og þar fengust ýmsir smáhlutir, sem gera staðinn heimilislegan - jafnvel örlítið gamaldags. „Já, ég er alinn upp í aldargömlu húsi og hef því sterkar taugar til þess sem gamalt er og félagar mínir reyndust vera með svipaðan smekk. Margt af því sem prýðir staðinn er því frá miðri síðustu öld og gamla “lúkkið” fellur í góðan jarðveg hjá gestum okkar. Það eina sem mig vantar er gamall svartur veggssími frá Ericson, en hann þarf að vera í lagi,“ segir Gísli Hróar og hlær dátt. En honum er full alvara og lofar þeim góðum mat, sem kemur með símann!

Þeir þekkja það sem reynt hafa, að



Yfirkokkarnir á Sirka; f.v. Gísli Hróar Guðlaugarson og Svanur Sigurðarson.

það tekur í budduna fyrir hverja meðalfjölskyldu, að gera sér dagamun með því að fara út að borða. Félagarnir á Sirka vildu gera fleirum kleift að gera sér dagamun í matargerð með því að bjóða einfaldan matseðil með ódýrum réttum, svolítið mömmu og ömmuskotna! Pönnusteiktur þorskur, fiskbollur, kjötbollur og lambakótilettur í raspi eru meðal þeirra rétta sem boðið hefur verið upp á. Á matseðlinum er daglega einn kjötréttur og einn fiskréttur með tilheyrandi meðlæti. Hvor um sig kostar 1.890 krónur sé hann borðaður á staðnum, en 1.500 krónur ef viðkomandi tekur hann með sér heim.

„Við leggjum áherslu á að hafa þessa rétti heimilislega. Ég get líka lofað því, að þeir eru vel útláttnir, það fer enginn svangur frá okkur, því við vitum að sæll er sá sem saddur er“, segir Gísli Hróar.

Allt nautakjötið seldist upp!

Nú, ef einhverjum list ekki á fiskréttina eða kjótið, þá eru líka Sirka-hamborgari eða vegan borgari í boði. Það er líka hægt að fá súpu og brauð með smjöri. Ekki má heldur gleyma börnunum, því á matseðlinum eru réttir fyrir börnin á 600 krónur; kjötbollur með djúpsteiktum kartöflum og brúnni sósu og einnig fiskur í raspi með kartöflum

og kokteilsósu. Þessir réttir slá alltaf í gegn hjá krökkunum. Þeir drykkir sem í boði eru koma frá Ölgerðinni. Gosdrykkur kostar 300 krónur og stór bjór 850 krónur.

En hvers vegna þetta nafn á staðinn, Sirka?

„Við erum öll svolítið “sirka”, látum hjartað og bragðlaukana ráða för við matargerðina, fremur en vigtina“, svarar Gísli Hróar og hann segir viðtökurnar í Vogunum hafa farið fram úr björtustu vonum. Hann segist sjá sama fólkið koma aftur og aftur og á miðvikudögum gera þeir sér dagamun á Sirka. Þá er “Grillvikudagur” og boðið upp á grillað nautakjöt með bernaissósu og öðru tilheyrandi meðlæti fyrir 2.500 krónur. Þá er örtröð á Sirka, síðasta “Grillvikudag” seldist allt upp, þannig að kokkarnir stóðu uppi kjötlausir löngu fyrir lokun. En hver er galdurinn við að elda góðan mat?

„Ég hugsa oft til þess við elda-mennskuna, að nú þurfi ég að útbúa eitthvað sem mér sjálfum finnst verulega gott, þannig að ég geti stoltur borið það á borð fyrir gesti mína. Þetta hefur reynst mér vel“, segir Gísli Hróar Guðlaugarson, yfirkokkur á Sirka, í lok samtalsins.

LEIKFÖNG

úr silki



BAMBUS.IS

Nýbýlavegur 8 - Portið, sími 847 1660, www.bambus.is, bambus@bambus.is

[bambus.is](https://www.facebook.com/bambus.is) [bambus.is](https://www.instagram.com/bambus.is) • Ópið mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-14



SIMON VAUGHAN LJÓSMYNDARI
WWW.SIMONVAUGHANLJOSMYNDARI.COM
PANTIÐ TÍMA FYRIR MYNDATÖKU Í SÍMA 690 9670

Viðhaldslitlar

ÁLPAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur

Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0.9 mm áli og tærast ekki, ryðga né brotna. Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun. Litir til á lager: Svartar, hvítar, gráar, rauðbrúnar og ólitaðar.



HAGBLIKK ehf.

Smiðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

Það besta fyrir bílinn þinn!
Notum allra bestu lakk og vínilvernir sem völ er á

alþrif
mössun
teflon
djúphreinsun

Verið velkomin



Ármúli 17a - 108 Reykjavík - S: 568 4310

Gæðabón og glettinn fugl



Adam Bjarki Sigvaldason

merkilegt leynist í bónstöðinni því þar situr glæsilegur páfagaukur á priki og það kemur blaðamanni nokkuð á óvart þegar hann jánkur einhverri spurningu hans.

Þetta er Congo African Grey, segir Adam Bjarki, hann er 16 ára en þeir geta orðið 50-60 ára þannig að hann er bara krakki. Hann kemur alltaf með mér í vinnuna en hann býr ekki hér. Hann er vængstýður á sumrin svo hann geti verið með okkur úti að labba og að klifra í trjám en við leyfum honum að fljúga á veturna. Hann talar alveg helling en er dálítið feiminn við ókunnuga.

Adam spyr Sesar en það er nafn fuglsins hvort hann sé sætur strákur og Sesar jánkur því.

Ef maður er ekkert að beina athyglinni að honum, segir Adam, þá situr hann hérna og spyr fólk hvort það vilji kúka og segist þurfa að fljúga, hann bara spjallar helling. En hann skilur líka orðin og hann situr til dæmis á öxlinni mér við kvöldmatartborðið og spyr: „Er þetta gott, má ég smakka?“ Hann veit að ef hann segir þetta þá fær hann mat. Þegar ég set hann inn í búr og breiði yfir það þá býður hann góða nótt því að hann veit að þá á hann að fara að sofa og ef ég og konan förum ekki strax þá heyrst úr búrinu: „Farið að sofa“.

Bónstöðin Gæðabón er í Ármúla 17a og við hittum Adam Bjarka Sigvaldason eiganda stöðvarinnar til að fræðast um fyrirtækið og starfsemi.

ég bónvörur á netinu sem heita Adam eins og ég en það eru hágæða bónvörur. Það er skemmtilegt að eiga bónstöð, heita Adam og nota bónvörur sem allar eru merktar mér.

Fyrirtækið var stofnað 1984, segir Adam, en var flutt í þetta húsnæði 1986 og er búið að vera starfrækt hérna síðan. Við tökum bíla í alþrif, bæði innan og að utan, bónum, djúphreinsum, mössum og slípum. Svo erum við í smáviðgerðum, bremsuviðgerðum og fleiru. Foreldrar mínir keyptu þessa stöð 2006 og ég keypti hana um áramótin til að halda henni í fjölskyldunni. Ég var að vinna hérna þegar ég var sautján ára hjá Denna sem átti stöðina þá og svo var ég a vinna hjá pabba og bróður hans þannig að ég er búinn að vera hér lengi.

Tiðindamanni blaðsins verður starsýnt á tvö öflug mótörhjóla því hann hefur alltaf verið veikur fyrir slíkum farartækjum og það kemur í ljós að þau tilheyra Adam og konu hans en þau eru hjólafélk. En fleira



Við erum með stóran fastan kúnnahóp sem er ánægður enda leggjum við metnað okkar í að gera þetta vel og láta bílana koma héðan út eins og nýja. Þegar ég keypti stöðina fann

Barónessan er farin í sumarfrí og verslunin verður lokuð 11 júlí til 4 ágúst. Ef það eru áriðandi blómaverkefni þá endilega hringjið í síma 894-2836. Kveðja Villi





BARÓNESSAN
Barónessan, Barónsstíg 27, 101 Reykjavík www.baronessan.is

SVAFAR & HERMANN

Kveðja
útfararstofa



**Virðing,
reynsla
& þjónusta**

**Allan
sólarhringinn**

571 8222
Svafar:
820 3939
Hermann:
820 3938
Ingibjörg:
820 3937

WWW.KVEDJA.IS

Tilboð 17

10 bitar fyrir 4-5

5 Stórir bitar og 5 minni. Stórt hrásalat og kokteilsósa. Stór af frönskum og 2l. Pepsi.





kjúklinga
vefur og borgarar



Við erum hér!



**Kjúklingastaðurinn
★ Suðurveri ★**

DÝRALÆKNASTOFA



DAGFINNS

www.dagfinnur.is

Opið 8:30-17:00
Bílastæði á lóðinni
Skólavörðustíg 35A - Verið velkomin



Ljósmynd: Simon Vaughan, simonvaughanljósmyndari.com

Ísland er landið - Ökum varlega



**Velkomin
til Hríseyjar**

*Hrísey er einstök í sinni röð,
sannkölluð perla Eyjafjarðar.*

www.hrisey.is



2010



FLÓAHREPPUR

KJÖRBÚÐIN

Café Laut

Lystigarðurinn Akureyri



**APÓTEK
VESTURLANDS**



Síldarvinnslan hf



SJÓMANNAFÉLAG ÓLAFSEJARÐAR



MINNISSTÆTT FÓLK – Guðríður Símonardóttir (Tyrkja Gudda)

Um nokkurt skeið hefur sótt að mér að skrifa pistil um Guðriði Símonardóttur, eiginkonu Hallgríms Péturssonar. Hallgrímur er auðvitað stórmenni í íslenskri sögu, margar kirkjur hafa verið nefndar eftir honum og svo hefur þjóðin auðvitað um langt skeið elskað Passíusálmana sem hann orti af svo mikilli snilli. En á bakvið hvert stórmenni er alltaf stórbrotin kona segja sumir, og það vill oft verða þannig að saga kvennanna gleymist eða þykir ekki eins mikilvæg. Þess vegna langaði mig að skoða aðeins sögu Guðriðar. Hallgrímur kom ásamt Guðriði til Íslands frá Danmörku eftir að hafa verið gerður brottrækur vegna sambands síns við hana. Samband þeirra þótti óviðeigandi og ólöglegt vegna þess að þau voru ekki hjón og hin 16 árum eldri kona gekk með barn hans undir belti. Þar að auki skildist mönnum að hún ætti eiginmann á Íslandi, en slík hjúskaparbot voru glæpsamleg á 17.öld, jafnvel refsað með dauða. Þau sigldu því til Íslands á vit órlaga sinna eftir að hafa hrökkl-ast á brott frá Kaupmannahöfn í skömm og hneisu. Hallgrímur reknir frá námi vegna siðlausa ástarsambands milli kennara og nemanda og þau hvorugt vissu hvaða refsing biði þeirra þegar til Íslands kæmi. Ég get ekki ímyndað mér hvernig þessi sjóferð hefur verið, en kvíðinn og óvissan hljóta að hafa verið óþolandi.

Tyrkjaránið 1627

Forsaga málsins var hið svokallaða Tyrkjarán í Vestmannaeyjum árið 1627. Guðríður var ein af hinum ólánsömu eyjaskeggjum sem var numin af brott af sjóræningjum frá Alsír ásamt syni sínum. Eiginmaður hennar slapp hinsvegar og varð eftir í Eyjum. Eftir 10 ár í ánauð var Guðríður ásamt örfáum öðrum samlöndum sínum leyst úr hlekkjum fyrir tilstillan Danakonungs. Þegar Íslendingarnir komu til Danaveldis þótti ekki annað hægt en að láta þá rifja upp kristin fræði og íslenskuna líka, og var til þess starfs fenginn Hallgímur sem var talinn einn besti nemandi í Skóla Vorrar frúar í Köben og var á sínu síðasta ári við nám. Þarna féllu saman hugi kennarinn og nemandinn, þau drógust hvort að öðru enda bæði gáfuð og sérstök. Ég ímynda mér að Hallgrímur hafi fallið fyrir sterkum og athyglisverðum persónuleika Guðriðar og ekki setti hann fyrir sig 16 ára aldursmun. Þetta var að sjálfsögðu forboðin ást.



Steinunn Jóhannesdóttir leikkona og rithöfundur í hlutverki Tyrkja Guddu og Sigurður Karlsson í hlutverki Hallgríms Péturssonar 1983 - 84
Ljósmynd úr safni Þjóðleikhússins

Fyrstu árin á Íslandi

Þegar þau skötuhiúin koma til Íslands árið 1637 þótti sannað að eiginmaður Guðriðar hafði látist fyrir nokkru síðan eða 1636, en hann hafði sjálfur verið dæmdur fyrir hjúskaparbot með vinnu-konu sinni en druknaði áður en til refsingar kom. Þarna sluppu þau Guðríður og Hallgrímur nokkurn veginn með skrekkin og gátu gengið í löglegan hjúskap. Þau bjuggu fyrstu árin á Suðurnesjum og þá fyrst í hjáleigunni Bolafæti í Ytri-Njarðvík hjá manni sem reyndist þeim nokkuð vel. Þarna fæddist elsti sonur þeirra hjóna hann Eyjólfur en ef ég man rétt var hann skirður eftir fyrri eiginmanni Guðriðar. Eyjólfur þessi átti eftir verða eina barnið þeirra hjóna sem lifði fram á fullorðinsár og bjuggu þau hjá honum undir það síðasta þegar Hallgrímur var orðinn veikur af holdsveiki. En fyrstu árin á Suðurnesjum voru erfið og ein-kenndust af fátækt og deilum við nágranna. Hallgrímur var skapríkur og kunni að svara fyrir sig, sem féll ekki öllum vel þannig að hann fékk fólk stundum upp á móti sér. Þetta hlýtur að hafa verið erfitt fyrir Guðriði á margan hátt. Eftir allar þær raunir sem hún var þegar búin að upplifa finnst manni ósanngjarnt

að hugsa til þess hvað þau hjónin áttu í miklum erfiðleikum framan af.

Prestvígsla og barnamissir

Brynjólfur biskup í Skálholti reyndist þeim afar vel eins og hann hafði reyndar oft áður reynst Hallgrími vel. Hann kom því til að Hallgrímur varð vígður til prests á Hvalsnesi, þrátt fyrir að hafa ekki náð að ljúka náminu, og það voru ekki allir hrifnir af þessu. Vitað var auðvitað að Hallgrímur var sérlega vel lesinn og menntaður maður en það breytti því ekki að mörgum fannst þetta óviðeigandi með öllu. Hallgrímur og Guðríður átti ekki svo góðan tíma þarna en þeim fæddist Steinunn litla sem lést aðeins fjögurra ára gömul og varð þeim mikill harmdauði. Það er reyndar ekki alveg á hreinu hvað þau eignuðust mörg börn, en þau misstu öll nema eitt. Hallgrímur orti minningarljóð um litlu dótturina sem hefur lifað með þjóðinni í gegnum aldirnar, Allt eins og blómstrið eina. Nokkrum árum síðar flytjast þau að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og þar bjuggu þau við miklu betri kost en á hinum stöðunum og undu sér nokkuð vel. Þó lentu þau í því að það brann ofan af þeim og gengu sögur um að maður nokkur hefði lagt á þau bölbæn. Það átti ekki af þeim að ganga. Eins og áður sagði, þá

veiktist Hallgrímur af holdsveiki og dó fyrir aldur fram en Guðríður lifði hann. Síðustu árin fluttist hún aftur að Saurbæ og bjó hjá þeim presti sem þar var vígður til dauðadags. Varla hefði sá maður sætt sig við að taka á móti þessari gömlu konu ef hún var svona slæm eins og margir vildu vera láta.

Skömmin og þrældómurinn

Þið hafði kannski tekið eftir því að ég hef forðast að kalla Guðriði Tyrkja-Guddu í þessum pistli mínum en margir kannast eflaust frekar við hana undir því viðurnefni. Ég er ekki hrifin af því vegna þess að mér finnst það á einhvern hátt vera niðurlægjandi. Til er ljóðabálkur sem ortur var um konuna og þá staðreynd að hún var ambátt í Alsír og þar kemur þetta nafn Tyrkja-Gudda fram. Ljóðin eru sum bara frekar ljót og meiðandi en ekki er á hreinu hver orti. Ég var að minnsta kosti ekki hrifin þegar ég las þennan skáldskap. Það er synd að ekki hafi verið skrifuð niður öll ferðasaga Guðriðar eftir hennar eigin frásögn, og því verðum við bara að geta í eyðurnar. Ef maður ferðast til Vestmannaeyja er hægt að sjá víða minnismerki og söfn þar sem þessi ægilega saga Guðriðar og allra hinna er sögð í myndum og máli. En svo mikið er víst að þessi kona gekk í

gegnum hrikalegar raunir á langri ævi. Ég get ekki ímyndað mér áfallið sem hún og aðrir Vestmannaeyingar urðu fyrir að vera numin á brott með ofbeldi af framanndi og vopnuðum mönnum, aðskilin frá ástvinum og öllu sem þau þekktu. Hún neyðist svo til að taka ákvörðun um að koma aftur til Íslands og vita það að hún myndi aldrei aftur sjá son sinn, en hann hafði snúist til Íslamstrúar og átti því ekki afturkvæmt. Ég hugsa til þess með hryllingi hverju hún hefur lent í, ung og falleg kona, í höndum sjóræningja og síðan einhvers eiganda. Það er afar ólíklegt að hún hafi sloppið við einhvers konar kynferðis-lega misnotkun, verandi þræll sem enga björg sér gat veitt. En tíðar-andinn var auðvitað þess eðlis að það hefði verið algjörlega ómögulegt fyrir hana að tala um slíkt við nokkurn mann. Skömmin hefði verið alfarið hennar, því miður. Ljóðið sem ég minntist á gerir einmitt gys að henni í slíkum tón sem er ljótt og algjör skortur á samúð. Þrældómur hennar var eins og skuggi yfir henni og svo bætti ekki úr skák hvernig samband hennar við Hallgrím er álítið siðlaust og ólöglegt af samfélaginu. Þetta flekkaði orðspor þeirra beggja og tengdi þau við frillulífarni og gerði það að verkum að margir vildu ekki sjá Hallgrím sem prest í sinni sókn. Þessi fortíð hennar Guðriðar hefur þótt vandræðaleg fyrir samtíma-menn hennar og í raun má segja að Hallgrímur hljóti að hafa elskað hana mikið, því í raun varð hann ekki síður en hún fyrir gríðarlegum fordómum vegna kvonfangs síns. Hve mikið af þeirri illvild sem þeim var sýnt var bein afleiðing af því að menn töldu Guðriði á einhvern hátt viðurstyggilega fyrir að hafa lent í því sem hún gerði? Ég persónulega hefði viljað kynnast þeim hjónum náði því ég held að þau bæði hafi verið einstakir persónuleikar. Hallgrímur hlýtur að hafa verið góður, gáfaður og þroskaður maður. Eins er ljóst að Guðríður var enginn vitleysingur. Varðveist hefur bréf sem hún skrifaði eiginmanni sínum frá Alsír en ég er ekki viss um að það hafi borist honum. Það er átakanlegt að lesa þann texta, hún getur ekki sagt mikið, en sorgin yfir aðskilnaðinum er ljós og líka hinn mikla trú á Guð, sem hlýtur að hafa verið það sem hélt í henni voninni. Bréfið er fullt af auðmýkt og kærleika og sýnir hennar rétta innri mann.

Jóna Rúna Kvaran



Sofðu betur í
hreinum rúmfötum

Opnunartímar:

Mán–Fim frá kl. 8.00–18.00
Fös frá kl. 8.00–18.30
Lau frá kl. 10.00–14.00



Háaleitisbraut 58–60 • 108 Reykjavík • haaleiti@bjorg.is • Sími: 553 1380

Söfnin á Eyrarbakka




Hvernig væri að leggja leið sína á Eyrarbakka og heimsækja söfnin?

Húsið er heillandi og sögufrægt kaupmannsheimili þar sem sögð er meira en 200 ára gömul saga verslunar og menningar.

Sjóminjasafnið hýsir hið merka árskip Farsæl og undraveröld fugla og eggja er í **Eggjaskúr**. Í litla alþýðuhúsinu **Kirkjubæ** er sýning um byltingartímana þegar rafhljós kom í hús og fólk eignaðist útvarp og gúmmístígvél.



Ratleikur um allt safnasvæðið er í boði fyrir alla fjölskylduna.



Opið alla daga í sumar frá kl. 11–18.
sími 483 1504 • info@byggdasafn.is
www byggdasafn.is

**BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA**

◆ HVERFISBLAÐIÐ ◆

Miðborg & Hlíðar
Auglýsingasími 568 8862

Vorum að taka upp glæsilegan sundfatnað frá Trofé



Ynja undirfataverslun Glæsibæ
Álfheimum 74, 104 Reykjavík
sími 544 4088

Komdu í sund!

**Sundhöll
Selfoss**

OPIN ALLT ÁRIÐ

Virka daga: kl. 6:30–21:30

Helgar: kl. 9:00–19:00

**FRÍTT
FYRIR 17
ÁRA OG
YNGRI**

Sundlaug Stokkseyrar

SUMAROPNUN

1.júní – 15. ágúst

Virka daga: kl. 13:00–21:00

Helgar: kl. 10:00–17:00

VETRAROPNUN

16.ágúst – 31.mái

Mán.- fö: kl. 16:30–20:30

Lau: kl. 10:00–15:00



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Gosgerðarmeistari Öglu Gosgerðar tekinn tali

ÆTLA AÐ GJÖRSIGRA MARKAÐINN ÁN NOKKURRAR MARKAÐSSETNINGAR



Biarni Þór Logason stórkaupmaður á Rangá ásamt Gosgerðarmeistararum.

Hverjir eru það sem standa að Öglu gosgerð?

„Ég, gosgerðarmeistarinn, er höfundur, uppfinningamaður og framleiðandi allra tveggja drykkja gosgerðarinnar til þessa. Þrotlausa þróun þeirra má rekja til eldhúss að heimili mínu að mestu en þar hef ég nú iðkað gosgerð til einkanota í rúman áratug. Innblásturinn kemur meðal annars úr grúski í gosgerðarsögu þjóðarinnar sem má segja að hafi verið í blóma sínum um miðja síðustu öld. Einnig hefur heimshornafلاك mitt og annars samstarfsfólk getið af sér misgóðar hugmyndir. Markmið okkar er að endurreisa virðingu og vegsæmd gosdrykkja með því að bjóða þá í áður óséðum gæðum; bæði hvað varðar handbragð við framleiðslu og val hráefna, að ögleymdu bragði og angan. Á þessari vegferð munum við annars vegar endurlífga eldri gosstíla sem ekki hafa sést hér á landi svo áratugum skiptir og hins vegar kynna til leiks hin ýmsu nýbylgjustef og framtíðarmúsík. Þetta er þó allt bannað að þamba“, segir gosgerðarmeistarinn og kímir.

Hvar er starfsemin?

„Þar til fjárfest hefur verið í sérhannaðri gosgerðarhöll fer framleiðslan fram í bruggtækjum Borgar Brugghúss í grennd við Höfða í Reykjavík. Það skal þó tekið fram að Agla er gosgerð allra landsmanna,“ segir gosgerðarmeistarinn og kímir

Hver er sérstaða Öglu?

Sérstaða Öglu felst í yfirburðagæðum framleiðslunnar og óbeislaðri ástríðu sköpunarinnar. Við viljum ekki sjá neitt nema hágæða náttúruleg hráefni í drykkina okkar og leggjum ómældu vinnu í að fullkomna jafnvægið í bragði þeirra. Sem dæmi eru fyrstu drykkirnir okkar tveir, Djöflarót og Yuzulaði, eingöngu unnir úr bestu og ferskustu söfum og „Þúrrum“ sem hægt er að komast í. Engin litarefni, bragðefni, rotvarnarefni eða gerviefni, takk fyrir. Loks eru báðir þessir drykkir léttgerjaðir í um sólahring til að rinna af og samþætta bröð og tryggja þar með hinn fullkomna samhljóð. Það ætti því ekki að dyljast nokkrum þeim sem á drykkjunum dreypr í mikilvægt er að gefa sér andrúð til að njóta hvers soga. Og alls ekki þamba,“ segir gosgerðarmeistarinn og kímir.

Hvaða drykki eruð þið að framleiða og hvar er hægt að nálgast þá?

„Drykkirnir okkar, Djöflarót - engiferdrykkur frá helvíti og Yzulaði - sitrusdrykkur úr klóm drekans, hafa báðir verið í dreifingu í rötgrónum og sjálfstæðum verzlunum undanfarin misseri. Þar erum við að tala um verslanir á borð við Rangá, Melabúðina, Pétursbúð, Fjardarkaup, Hamraborg á Ísafirði, Bjarnabúð og Verzlun Einaris Ó. á Skaganum. Við

höfum veitt umboð til fólks sem hefur að okkar mati reynslu eða hæfilega natni til að bera til að geta umgengist og meðhöndlað vöruna af þeirri virðingu sem hún á skilda. Þá hafa helstu veitingahúsa landsins tekið vörnum sérstaklega vel en sala þeirra hófst einmitt hjá hinu framsækna matreiðslufólki á Skál við Hlemm og hinum margrómaða Dill veitingastað. Framleiðslan fer fram í litlum þúsund lítra lotum og því náum við augljóslega ekki að sinna öllum útsölastöðum landsins. Þá hefur einnig verið orðrómur í gangi um að einhverjir aðilar séu að þamba drykkina. Sé það rétt gefur augaleið að minna er til skiptanna fyrir aðra, enda er alveg skýrt að bannað er að þamba, enda slíkt hið besta ósömi,“ segir gosgerðarmeistarinn en kímir ekki.

Þið hafið vakið athygli fyrir óvenjulega markaðssetningu, er það til að fá meiri athygli eða eruð þið bara svona skritnir?

Markaðssetning er orðskípi sem ég kann takmörkuð deili á. Við höfum einsett okkur að stunda beinskeytt og heiðarleg samskipti við viðskiptavinum okkar og koma upplýsandi skilaðum á framfæri ef tækifæri gefast sem hjálpa landsmönnum við að velja rétt. Við stöndum fyrir algjört gagnsæi í hræfnavali, vinnslu og handbragði og segjum í þessu tilliti: Reynið gæðin, látið berast. Svo höfum



við vissulega verði að undirstrika í skilaboðum okkar að það er bannað að þamba. Mögulega þykir einhverjum þetta óvenjulegt og þá er það miður. Við teljum einfaldlega að heiðarlegir viðskiptahættir muni hjálpa okkur við að gjörsigra markaðinn mun hraðar en einhver markaðssetning," segir gosgerðarmeistarinn og kímir eftir dálitla bið.

Hvað er svo framundan?

Nú í júlí munum við kynna til leiks
nýjustu sköpun mína sem nefnist

Kóala - svartur galdur undan Suðr-krossi. Þar er á ferðinni koffinlaus hágæða gosdrykkur sem sumur reynslulaus samlandinn á mögulega eftir að tengja við hina velþekktu kóládrykki við fyrstu sýn. Ég lofa þó því að strax við fyrstu smökkun verður sá misskilningur leiðréttur með öðru, meira og kynngimagnaðra bragði. En þetta er ennþá algjört leyndarmál og því get ég ekkert sagt annað en það að það mun líka verða bannað að þamba Kóala,“ segir gosgerðarmeistarinn og kímir.



Gosgerðarmeistarinn ásamt Jóni Aðalsteini Sveinssyni hárskera á Quest.



Tónleikar í plötubúðum

Það var geggið dagskrá í plötubúðum Reykjavíkur á laugardaginn en um er að ræða samstarfsverkefni plötubúða og Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur með stuðningi frá Borginni okkar, Félagi hljómplötuframleiðenda, FÍH Félagi íslenskra hljómlistarmanna og STEF. Það verða tvennir aðrir laugardagstónleikar í sumar og þá gefst tónlistarunnendum tækifæri til að sýna plötubúðum smá ást og stuðning á erfiðum tímum. Plötubúðir skipta miklu máli fyrir íslenskt tónlistarlíf en þær eru Lucky Records - Reykjavík, 12 Tónar, Smekkleysa Plötubúð, Reykjavík Record Shop og Geisladiskabúð Valda. Tónlistaratriðin síðastliðinn laugardag voru GDRN, Kælan Mikla, Þórir Georg og gugusar sem sést á meðfylgjandi mynd. Guðlaug Sóley Höskuldsdóttir, eða gugusar, er 16 ára tónlistarkona sem hlaut sæmdarheitið Rafheili í síðustu Músiktilraunum og hefur getið sér gott orð fyrir tónlistarsköpun sína.

Austurbæjarskóli 90 ára



Leikjagatur á upphafsárum Austurbæjarskóla

Austurbæjarskóli tók til starfa haustið 1930 og er því 90 ára um þessar mundir en áður hafði Miðbæjarskólinn verið aðalskóli bæjarins. Skólabyggingin reis í austanverðu Skólavörðuholti en það var Sigurður Guðmundsson húsameistari sem teiknaði hana og hafði umsjón með byggingaframkvæmdunum. Austurbæjarskóli er fyrsta húsið í Reykjavík sem hitað er upp með hitaveituvatni en það

var einnig nýlunda að Ásmundur Sveinsson myndhöggvari var fenginn til að gera lágmyndir yfir báðum aðaldyrum skólans og einnig yfir dyrum á austurgöflum. Fyrsti skólastjórinn var Sigurður Ó. Thorlacius og 32 kennarar störfuðu við skólann og í skólanum voru 30 almennar kennslustofur en auk þeirra voru margar sérgreinastofur: teiknistofa, kennslueldhús, smíðastofa, sundlaug, fimleikasalur,

handavinnustofa stúlkna, samkomusalur fyrir skemmtanir, kvikmyndasýningar og söngsalur. Einnig voru sérbúnað náttúrufræði- og landafræðistofur velbúnaðar kennslugöngnum og má segja að skólinn hafi verið sérstaklega nútímalegur enda hefur skipulag hans staðist tímans tönn með ágætum.

Margir af kennurum Austurbæjarskóla voru mikilvirkir rithöfundar sem skrifuðu fjölþætt efni handa börnum. Má þar nefna höfunda eins og Jóhannes úr Kötlum, Gunnar M. Magnúss, Ragnheiði Jónsdóttur, Vilborgu Dagbjartsdóttur og Stefán Jónsson. Einnig má nefna að fyrsti matreiðslukennari skólans var Helga Sigurðardóttir, síðar fyrsta skólastýra hússtjórnarskólans og rithöfundur. Nokkru eftir 1950 varð nemendafjöldinn mestur, 1839 en nú eru nemendur á fimmta hundraðið.



Lýsisgjöf árið 1953



Hermenn í porti skólans á stríðsárunum



Tölvuverkstæðið Tæknihornið er flutt á Grettisgötu 46 (hornið við Vitastíg). Þar bjóðum við upp á viðgerðir á PC og Apple tölvum. Hagi vélín þín óeðlilega er hægt að gera ýtarlegar prófanir til að finna hvað hrjáir hana. Þannig má sjá hvort t.d. diskur er gefa sig eða hvort hún er bara einfaldlega smituð af vírusum og óværum. Við getum oft gert við móðurborð sem hafa lent í vökvatjóni með hátíðnihreinsun ef við fáum vélina sem fyrst. Náðst hefur góður árangur hjá okkur í gagnabjörgun af hörðum diskum og öðrum geymslu-miðlum fyrir Windows, Mac og Linux. Þá er hægt að leita eftir aðstoð okkar vegna ýmissa tæknilegra vanda-mála sem geta komið upp.

Tæknihornið er rekið af Tæknihlíðinni sem þjónustar tölvur og netkerfi fyrirtækja og stofnana. Opið er frá 13 til 18 virka daga. Verið velkomin til okkar á Grettisgötu 46!

Verið velkomin til okkar á Grettisgötu 46!



TÆKNIHORNIÐ
Grettisgötu 46 • sími 534 1520
taeknihlidin@taeknihlidin.is



Sögunstund í grasinu. Verið er að gera ris á skólann en í upphafi var þakið flatt



Börn að leik á skólalóðinni á stríðsárunum. Í baksýn sjást herskálar en stórt braggahverfi var á holtinu



Bekkur í Austurbæjarskóla 1938



Vorhappdrætti barna og unglingsviðs Vals

Vinningaskrá

Dregið var 22. júní 2020

Nr.	Vinningur	Verðmæti	Vinningsnr.
1.	Hvalaskoðun með Eldingu whale watching	32.970	228
2.	Gjafabréf frá Úrval Útsýn	30.000	401
3.	Ársmiði á heimaleiki Vals í fótbolta- handbolta og körfubolta	25.000	146
4.	Ársmiði á heimaleiki Vals í fótbolta- handbolta og körfubolta	25.000	728
5.	Ársmiði á heimaleiki Vals í fótbolta- handbolta og körfubolta	25.000	35
6.	Grillveisla fyrir 10 manns frá Kjarnafæði	25.000	418
7.	Afnot af bílaleigubíl frá Hertz bílaleigu	24.200	125
8.	Comfort aðgangur fyrir tvo í Bláa lónið	13.980	796
9.	Trays diskur frá Vitra	16.900	122
10.	Íþróttataska frá Altís	14.900	710
11.	Flispeysa frá Cintamani	12.490	568
12.	Flispeysa frá Cintamani	12.490	12
13.	Flispeysa frá Cintamani	12.490	270
14.	Flispeysa frá Cintamani	12.490	616
15.	Garðþjónusta hjá Grænum bræðrum	10.000	554
16.	Gjafapoki frá Pennanum Eymundsson	10.000	846
17.	Foreldrahandbókin frá Eddu útgáfu	9.890	548
18.	UNOLD Kaffivél frá Ormsson	8.990	750
19.	UNOLD blandari frá Ormsson	8.990	219
20.	Gjafapoki frá VÍS	7.990	478
21.	Gjafapoki frá VÍS	7.990	741
22.	Gjafapoki frá VÍS	7.990	350
23.	Veislubókin frá Eddu útgáfu	4.990	51
24.	Gjafakort frá N1	5.000	351
25.	Gjafakort frá N1	5.000	903
26.	Handsápa frá Móðern	4.500	414
27.	Handsápa frá Móðern	4.500	608
28.	Handsápa frá Móðern	4.500	814
29.	UNOLD brauðrist frá Ormsson	3.990	172
30.	UNOLD hraðsuðukanna frá Ormsson	3.990	809
31.	Skoðunarferð um Hörpu	3.500	253
32.	Glasapakki frá Fastus	3.400	380
33.	Glasapakki frá Fastus	3.400	760
34.	Syrpa frá Eddu útgáfu	2.890	532

Drátturinn fór fram hjá Sýslumanni þar sem fulltrúi embættisins sá um að draga úr seldum miðum og vinningsnúmer má sjá hér að ofan.

Vitja skal vinninga á skrifstofu Vals fyrir 15. ágúst 2020 - Nánari upplýsingar veitir íþróttafulltrúi: palliarna@valur.is



Sumarstarf Hringleiks

Það er mikið að gera hjá sirkuslistafélaginu Hringleik um þessar mundir, sirkussýningar í Hljómskálagarðinum, yfirtaka á Klúbbi Listahátíðar í lönó og rannsóknarverkefni í Listasafni Reykjavíkur. Við hittum einn félagann í Hringleik, Jóakim Meyvant Kvaran í Hafnarhúsinu og byrjuðum á spyrja hann hvað þau væru að gera í Listasafninu.



Jóakim við rannsóknarstörf

Þetta er rannsóknarverkefni, segir Jóakim, en við fengum styrk úr Hönnunarsjóði og erum að ásamt vöruhönnuði að gera rannsóknir á efnivið úr netagerð Hampiðjunnar.

Við erum að reyna að finna upp ný sirkus-áhöld og erum svo með opnar vinnustofur þar sem hægt er að prófa og leika sér með dótið. Þetta er enn á byrjunarstigi en er rosagaman.

Þið voruð með sýningu í gær í Hljómskálagarðinum og verðið aftur með hana næstkomandi sunnudag kl. 14. Segðu okkur frá henni.

Þetta er 45 mínútna útsýning fyrir alla fjölskylduna og þetta verkefni var unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg. Þetta eru viðburðir sem hægt er að hafa úti á sumrin, við vorum á 17. júní og á Barnameningarhátíð. Við ákváðum að gera tvær ólíkar sýningar og þessar sýningar núna eru frumsýningar á glænýju verki, sjálfstæðar sýningar sem við höldum áfram með og verða hluti sýningar á Menningarmótt.

Ög hvaða kúnstir eruð þið að leika þarna?

Það verða loffimleikar að sjálfsögðu og hópimleikar eða hópakróbatík. Við erum með djöglara og töframann og í fyrsta sinn erum við með hljóðfærleikara með okkur sem er hluti af sýningunni sem er mjög spennandi.

Hvað eru margir sirkuslistamenn í Hringleik?

Við erum 15-18 virkir meðlimir en í þessum sumarverkefnum erum við tólf en það eru sjö sem taka þátt í sýningunni.

En svo ætlið þið að yfirtaka lönó.

Já við fengum inni í lönó sem hluti af Listahátíð í Reykjavík. Við tökum yfir eitthvað sem heitir Klúbbur Listahátíðar og verðum með lönó í heila viku frá 14. júlí og ætlum að halda röð af opnum æfingum fyrir byrjendur og lengra komna. Þarna verða kennarar á staðnum með allskonar leikföng og í viðbót við það verður Hringleikur með sýningar en einnig Æskusirkusinn og Sirkus unga fólksins sem er einn af listhópum Hins Hússins. Svo ætlum við að vera með djöglkvöld sem heita Djöglað og djúsað en það er opinn bar á svæðinu.

Á hvaða tíma er þessi dagskrá?

Þetta er aðallega seinnipartinn, opnu æfingarna eru kl. 17-19 en um helgina byrjum við fyrr en dagskrána er hægt að finna á Facebook-síðu Hringleiks eða á vef Listahátíðar.

FYRSTA ALVÖRU
NET-KJÖTBÚÐIN

www.kjotbudin.is

Þú sækir eða færð sent

Nú getur þú verslað okkar
helstu vörur á heimasíðunni okkar

Við pökkum kjötinu, meðlæti,
sósunni og eftirréttnum

Engar biðraðir

Fljótlegt og gott úr kjötbordinu

Láttu fagmenn velja þína steik



Grensásvegi 48 • Sími 571 5511 • kjotbudin@kjotbudin.is







SÆLKERAVERSLUN • GRILL- OG VEISLUÞJÓNUSTA • KJÖTVINNSLA



SUMARLESNINGIN

FRÍ
HEIMSENDING
AFSLÁTTUR
15%

Ný bók frá Uglu er ávísun á gott sumar
fyrir alla fjölskylduna. Góða ferð!



ÞESSAR BÆKUR OG MARGAR FLEIRI ERU FÁANLEGAR Í VEFVERSLUN UGLU:
www.ugloutgafa.is
15% AFSLÁTTUR OG FRÍ HEIMSENDING



Ugla



Guðmundur Birgir Halldórsson og Silja Úlfarsdóttir

Reykjavíkumaraþon á Menningarnótt 2020

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka hefur alltaf verið með stærstu viðburðum Menningarnætur en það fer nú fram í 37. sinn laugardaginn 22. ágúst. Hlaupið verður með breyttu sniði og miðast við fyrirhugaðar afléttingar á samkomubanni og hafa breytingar verið unnar í samstarfi við Almennavarnir. En eins og fólki má vera kunnugt um þá er ekki á vísan að róa um þessar mundir því erfitt er að spá fyrir um þróun kórónuveikifaraldursins. Við fengum Silju Úlfarsdóttur upplýsingafulltrúa ÍBR og Guðmund Birgi Halldórsson verkefnisstjóra Menningarnætur til að segja okkur frá fyrirkomulaginu í ár.

Við verðum með nokkur holl, segir Silja, en undanfarin ár höfum við bara verið með eitt holl fyrir hverja vegalengd en núna verða þau fleiri. Við ræsum á hálf tíma fresti þannig að það verði pláss á milli og við færum rásmarkið yfir á Sóleyjargötu en hlaupið endar enn í Lækjargötu svo við getum betur haldið fólki frá hvert öðru. Við vitum ekki enn með fjölda í hollunum en erum að vinna með 500 manns og krossum fingur í von um að því verði fjölgað.

Nú er hefð fyrir því að Maraþonhlaupið sé upphaf Menningarnætur en hvað breytist nú varðandi hátíðina?

Þetta breytir miklu, segir Guðmundur. Til þess að mæta fjölda- og takmörkunum Almennavarna þá stendur Menningarnótt í tíu daga, byrjar 13. ágúst og endar 23. ágúst á sunnudegi. Við vitum ekki hvort 500 manns eða 2000 megi safnast saman á þessum tíma þannig að okkar áætlanir verða að taka mið af því. Við erum að fara að útteila styrkjum en við tvöfölduðum styrkjapottinn þannig að það verða átta milljónir sem fara í viðburðhald. Við dreifum viðburðunum því yfir tíu daga þannig að það verður ekki eins mikið kraðak og hefur verið og við verðum ekki með stóra útitónleika í ár. Við gerum ráð fyrir að Maraþonið eigi laugardaginn 22. ágúst, það verður eitthvað annað í gangi en hlaupið verður aðal málið. Hátíðin verður menningarleg og ýmislegt að gerast en dagskrá verður tempraðri en verið hefur.

Það ættu allir að geta fundið vegalengd við hæfi í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka. Maraþon (42,2 km) og hálfmaraþon (21,1 km) er fyrir vana hlaupara, 10 km hlaup eða ganga fyrir öll getustig og 3 km og 600 m skemmtiskokk fyrir fólk á öllum aldri.

En hvernig gengur innritun í hlaupið?

Hún fer vel af stað miðað við aðstæður, segir Silja, en fólk er að

velta stöðunni fyrir sér sem er fullkomlega eðlilegt. Erlendir keppendur verða einhverjir en síðasta ár voru þeir 3000 og við reiknum ekki með slíkum fjölda. Eins og staðan er núna eru við bara ánægð með að hafa hlaupið innlent og huggulegt.

Hlaupaleiðinni var breytt í fyrra, verður því haldið?

Aðalbreytingin í ár er að við færðum rásmarkið þannig að fólk sé ekki að byrja og enda á sama stað. Þá skapast rými en við þurfum auðvitað að stóla á að fólk taki ábyrgð á sér og haldi fjarlægð.

Það er mjög óvenjulegt að Menningarnótt dreifist yfir tíu daga, segir Guðmundur, en við finnum samt fyrir áhuga og vonumst til að þessir dagar verði skemmtilegir og blómlegir. Menningarnótt hefur alltaf verið miðbæjarhátíð en við erum ekki eins stíf á því núna og það munu spretta upp litlir viðburðir á hverfunum og litlar hverfishátíðir á þessu tímabili.

Ég vil hvetja fólk til að taka þátt og huga að góðgerðamálunum á hlaupastyrkur.is, segir Silja. Þetta er mikilvæg fjáröflun fyrir mörg góðgerðarfélög, sérstaklega á þessum tímum þegar er mikið álag á félögunum vegna ástandsins. Við hvetjum því fólk til þess að styrkja og láta gott af sér leiða.



EGILISGÖTU 3, 101 REYKJAVÍK & NÝBÝLAVEGI 18, 200 KÓPAVOGI
OPIÐ FRÁ 11:30-23:30 ALLA DAGA

GÖNGUGREINING

Ertu með verki í ökklum, hnjám, mjöðmum eða baki?

Bókaðu tíma á faeturtoiga.is eða í síma 55 77 100

FÆTUR TOGA
LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Bæjarlind 4
Kringlan 3. hæð

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

HLAUPTU ÞAÐ BORGAR SIG



REYKJAVÍKUR
MARAFON
ÍSLANDBANKA

Taktu þátt í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka
24. ágúst og styrktu gott málefni á hlaupastyrkur.is





HÚS
DÝRA
GARÐUR
INN

PARK & ZOO

Vin i Laugardal



Opið er alla daga
frá kl. 10 til 18 og til 20:00
á miðvikudögum

mu.is